

Fundargerð

Annar fundur samstarfshóps vegna vinnu við stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Spákonufellshöfða

haldinn í gegnum Teams þann 17. janúar 2022, kl. 13:30-14:00.

Fundarmenn:

Alexandra Jóhannesdóttir, Skagaströnd
Guðbjörg Gunnarsdóttir, Umhverfisstofnun
Kristín Ósk Jónasdóttir, Umhverfisstofnun

Markmið fundar

Áframhald vinnu við stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Spákonufellshöfða.

Fundarefni og umræður

1. Vinnuskjal leiðrétt í samræmi við athugasemdir.
Guðbjörg athugar með texta um rannsóknir á svæðinu og vinnur skjalið áfram.
Alexandra athugar með myndir teknar af sjó.
2. Samráðsfundur
Leyfi liggur fyrir til að halda opinn samráðsfund. Vonast er til að hann geti orðið í febrúar en staða á faraldri ræður því. Farið yfir drög að auglýsingu um fundinn. Rætt um fyrirkomulag. Fundarmenn sammála um að hentugast sé að skipta þátttakendum niður í 5-6 manna hópa, allir ræði sömu spurningarnar og leggi fram hugmyndir. Hóparnir haldi sig við sín borð og kynni í lokin niðurstöður. Leitað verði eftir að sveitarstjórnarfólk taki að sér borðstjórn auk samstarfshópsins og óskað eftir hugmyndum þeirra að umræðuefni.

Fleira var ekki rætt.

Næstu skref

Guðbjörg uppfærir gögn.
Alexandra athugar með myndir af svæðinu.
Ákvörðun um samráðsfund verður tekin út frá þróun faraldursins á næstu vikum.